



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** Formannafundur KLÍ

**Staðsetning:** Berjarimi 65

**Hvenær:** Þriðjudag. 19.04.2011 kl. 17:30

**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) frá KFR og KLÍ

Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) frá KLÍ og unglínganefnd

Bragi Már Bragason (BMB) frá KR

Einar Már Björnsson (EMB) frá ÍR

Guðmundur Sigurðsson (GS) frá ÍA

Hörður Ingi Jóhannsson (HIJ) frá ÍR

**Fundarritari:** ÞI

**Dagskrá fundarins:** Reglugerðabreytingar og þingstörf.

### 1. Almennar keppnisreglur:

ÞMP lýsti ánægju sinni yfir hvað vel hefði tekist með nýju uppsetninguna á almennu keppnisreglunum og voru aðrir fundarmenn sammála. Samþykkt var að halda útsendri uppsetningu, þ.e. að hafa bæði íslenska og enska textann.

### 2. Reglugerð um aganefnd:

2. grein – tillaga frá ÍR, samþykkt með breytingu og hljóðar nú þannig.

Aganefnd skal fjalla um brot leikmanna, forystumanna og aðstoðarmanna á leikstað, í A- eða B-mótum, sem koma fram á dómarskýrslu.

Ef dómarskýrsla berst frá öðru liðinu í Íslandsmóti liða skal hinu liðinu gefin kostur á að skila inn skýrslu áður en aganefnd tekur málið fyrir, og hefur liðið 48 tíma til þess. Skal afhending seinni skýrslunnar ráða tímamörkum aganefndar til úrskurðar samkvæmt 13. og 14. grein um aganefnd

12. grein – tillaga frá ÍR, samþykkt með breytingu og hljóðar nú niðurlag greinarinn þannig: Þó skal nefndin gefa kost á munnlegum eða skriflegum málflutningi ef mál eru alvarlegs eðlis og varða þyngstu viðurlög og óskir berast um það frá viðkomandi aðilum innan 48 klukkustunda frá umræddum atburði.



13. grein – tillaga frá KLÍ, samþykkt og hljóðar upphaf greinarinna þannig:

Brot skulu tekin til meðferðar innan 7 sólarhringa frá því skýrsla dómara berst aganefnd.

Úrskurð aganefndar um refsingu skal tilkynna strax að lokinni umfjöllun nefndarinnar .....

14. grein – tillaga frá ÍR var dregin til baka. Breytingin á 13. Grein uppfyllti það sem leitast var eftir með breytingunni.

### 3. Reglugerð um keilumót:

1. grein - tillaga frá KLÍ samþykkt að taka út tilvísun við 3. grein í A-mótum

8. grein – tillaga frá ÍR dregin til baka.

13. grein – tillaga frá KLÍ samþykkt að breyta reglunúmerum vegna breytinga á almennum keppnisreglum.

### 4. Reglugerð um tækninefnd:

2. grein – tillaga frá ÍR, samþykkt og hljóðar nú niðurlag greinarinnar þannig.

– að mæla olíuburð í hverjum sal minnst ársfjórðungslega og einnig fyrir allar breytingar á olíuburðum yfir keppnistímabilið.

### 5. Reglugerð fyrir dómara :

8. grein – tillaga frá KLÍ samþykkt að breyta reglunúmeri vegna breytinga á almennum keppnisreglum.

### 6. Reglugerð um félag og liðaskipti:

4. grein – tillaga frá ÍR samþykkt að skipta út faxi fyrir tölvupóst við skil á umsóknum.

### 7. Reglugerð um Íslandsmót liða:

16. grein – tillaga frá KLÍ samþykkt og upphaf greinarinn hljóða þá svona:

Fjarveruskor skal veitt því liði sem leikur með aðeins þrjá menn. Lið má ekki hefja leik með færri en þrjá leikmenn. Fjarveruskor getur ekki unnið stig.

### 8. Reglugerð um deildarbikar liða:

4. grein – tillaga frá KLÍ var samþykkt með breytingum og bætist þessi texti innu miðja grein: Dregið er í riðla eftir deildum, þ.e. fyrst eru kvennaliðin dregin í riðla, síðan karlaliðin og byrjað á efstu deild, þannig að sem jöfnust skipting sé í riðlunum.



---

## 9. Reglugerð um Íslandsmót einstaklinga:

2. grein – tillögur voru bæði frá KLÍ og ÍR og eftir smá umræðu var tillaga KLÍ samþykkt og hljóðar greinin þá svona:

Keptt skal með og án forgjafar. Forgjöf er 80% af mismun meðaltals 200, þó forgjöfin sé neikvæð. Til að hafa þátttökurétt í Íslandsmóti einstaklinga með forgjöf þarf viðkomandi að hafa meðaltal viðurkennt KLÍ úr a.m.k. 18 leikjum, annars er forgjöfin engin.

6. grein – tillaga frá KLÍ, samþykkt og fara því 8 konur í undanúrslit.

8. grein – tillaga frá KLÍ, samþykkt og fara því 12 karlar í milliriðil og 6 í undanúrslit.

Einnig verður númeri greinarinnar breytt úr 8 í 7.

## 10. Reglugerð um Íslandsmót í tvímenni:

2. grein – tillaga frá KLÍ, samþykkt og hljóðar nú niðurlag greinarinnar þannig.

Konur fá 8 pinna í forgjöf.

## 11. Reglugerð um Íslandsmót unglingsliða:

1. grein – tillaga frá KLÍ, samþykkt og hafa því unglingar í 5. til 10. bekk þátttökurétt.

3. grein – tillaga frá KLÍ, samþykkt og eru því leiknar fimm umferðir ef liðin eru 4-6.

4. grein – tillaga frá KLÍ, samþykkt og eru niðurlag greinarinnar svo hljóðandi:

Þau lið sem töpuðu leika ekki um þriðja sætið, heldur hljóta bæði liðin 3. sætið.

## 12. Reglugerð um Meistarakeppni ungmenna:

Tillaga frá KLÍ. Tillagan dregin til baka en unglingsnefnd í samstarfi við þjálfara félaganna var falið að koma með tillögu, sem mundi leggjast fyrir formannafund á haustmánuðum.

## 13. Reglugerð um venstasamning liða:

Tillaga frá ÍR. Þetta var sú tillaga sem mesta fékk umfjöllunina, eins og við mátti búast.

Þar sem himin og haf var á milli fulltrúa félaganna var ákveðið að leggja þetta fyrir þingið, til frekari umræðu og úrskurðar.